

Tölfræði Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar

Lykilskilaboð og niðurstöður (2014 / 2016)



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education

TÖLFRÆÐI EVRÓPUMIÐSTÖÐVAR UM MENNTUN ÁN AÐGREININGAR

**Lykilskilaboð og niðurstöður
(2014 / 2016)**



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í gegnum rekstrarstyrk innan Erasmus+ menntunaráætlunar Evrópusambandsins (ESB) (2014-2020).



Sameiginlega fjármagnað
af Erasmus+ áætlun
Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

Ritstjórar: Amanda Watkins, Joacim Ramberg og Andrés Lénárt

Útdráttur úr skjalinu er eingöngu leyfður ef skýrlega er vísað til heimildar. Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018. *Tölfræði Evrópumiðstöðvar um menntun án aðgreiningar: Lykilskilaboð og niðurstöður (2014 / 2016)*. (A. Watkins, J. Ramberg og A. Lénárt, ritst.). Óðinsvé, Danmörk

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: www.european-agency.org

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-816-3 (rafrænt)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2018

Aðalskrifstofa
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel
Rue Montoyer, 21
BE-1000 Brussels Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----------|
| AÐFARAORÐ | 5 |
| LYKILSKILABOÐ | 7 |
| FIMM JAFNRÆÐISMÁL | 9 |
| 1. Hvaða hlutfall nemenda gengur í almennan skóla? | 9 |
| <i>Þróun í gögnum um aðgengi nemenda að námi í almennum skólum</i> | 10 |
| 2. Hvaða hlutfall nemenda ver megninu af tíma sínum með jafningjum sínum í almennum skólastofum? | 10 |
| <i>Þróun í gögnum um aðgengi nemenda að námi án aðgreiningar</i> | 11 |
| 3. Hvar eru nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir staðsettir vegna menntunar þeirra? | 11 |
| <i>Þróun í gögnum um greiningarhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir</i> | 12 |
| <i>Staðsetning í samanburði við allan fjölda nemenda</i> | 12 |
| <i>Þróun í gögnum um staðsetningu nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir samanborið við heildarfjölda nemenda</i> | 14 |
| <i>Staðsetning í samanburði við fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir</i> | 14 |
| 4. Hvaða munur er á greiningarhlutfalli og staðsetningarhlutfalli stúlkna og drengja með opinbera ákvörðum um sérþarfir? | 16 |
| 5. Hver er munurinn á greiningarhlutfalli og staðsetningarhlutfalli nemenda á milli ISCED 1 og 2? | 17 |
| BAKGRUNNUR EASIE-STARFSINS | 21 |
| Umfang gagna..... | 21 |
| Mikilvæg mál við upplýsingaöflun fyrir EASIE | 22 |
| <i>Virk skilgreining á opinberri ákvörðun um sérþarfir</i> | 22 |
| <i>Virk skilgreining á umhverfi án aðgreiningar</i> | 23 |
| Áhersla á greiningu EASIE-gagna | 23 |
| Punktur | 24 |
| HEIMILDIR | 25 |
| VIÐAUKI: EASIE-VÍSBENDAR FYRIR 2014 OG 2016 | 27 |
| 1. Skráningarhlutfall í námi í almennum skólum byggt á fjölda skráðra nemenda..... | 27 |
| 2. Aldursþversnið..... | 27 |
| 3. Nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir..... | 27 |
| <i>3a. Greiningarhlutfall</i> | 27 |
| <i>3b. Dreifing staðsetningar nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum nemendafjölda</i> | 27 |
| Lykilskilaboð og niðurstöður (2014 / 2016) | 3 |



| | |
|--|-----------|
| <i>3c. Dreifing staðsetningar, byggð á fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir</i> | 28 |
|--|-----------|



AÐFARAORÐ

Í yfir 20 ár hefur Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Míðstöðin) þjónað sem samstarfsaðili í stefnumálum náms án aðgreiningar fyrir aðildarlönd sín. Upplýsingaöflun er fastur hluti af þeirri vinnu. Þar eð vinnan lagði upphaflega áherslu á nemendur með sérþarfir, víkkar umfang hennar núna og tekur tillit til allra nemenda innan menntunar fyrir alla.

Núverandi vinna við [tölfræði Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar](#) (EASIE) felur í sér söfnun, framsetningu og greiningu á landsgögnum (Evrópumíðstöðin, engin dagsetning-a). Gögnin eru tengd samþykktum vísbendum sem upplýsa um stefnumótandi lykilsurningar fyrir nám án aðgreiningar. Öll gögn eru gefin upp af [gagnasérfræðingum](#) í hverju landi (Evrópumíðstöðin, engin dagsetning-b).

Tiltæk gagnasöfn ná yfir 30 lönd og veita innsýn í:

- aðgengi að námi í almennum skólum;
- aðgengi að námi án aðgreiningar;
- staðsetningu nemenda sem hafa verið greindir með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Þau eru sundurliðuð eftir kyni og eftir stigi [Alþjóðlegu menntunarflokkuninni](#) (ISCED) (Hagskýrslustofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, 2011).

Þessi stutta skýrsla stefnir að því að undirstrika lykilskilaboð og meginniðurstöður úr vinnu EASIE fram til dagsins í dag. Tvö [EASIE-gagnasöfn](#) (Evrópumíðstöðin, engin dagsetning-c) og [millilandaskýrslur](#) eru tiltækar eins og stendur:

- 2014, byggt á skólaárinu 2012/2013 (Evrópumíðstöðin, 2017)
- 2016, byggt á skólaárinu 2014/2015 (Evrópumíðstöðin, 2018a)

Fyrir utan þessar skýrslur, eru gagnasöfnin tiltæk í heild sinni samkvæmt beiðni frá aðalskrifstofu míðstöðvarinnar (secretariat@european-agency.org) sem Excel-skrár sem hægt er að vinna úr á mismunandi hátt.

Skýrslan veitir ekki sundurliðaða tölfræðigreiningu á gögnunum né nær hún yfir allar þær gerðir gagnagreiningar sem kunna að vera mögulegar með gagnasafninu. Öllu heldur gefur hún almenna „túlkun“ á gagnasöfnunum frá 2014 og 2016. Þetta er til að undirstrika lykilskilaboð og nýtilkomnar niðurstöður úr þeim gagnasöfnum sem eru mikilvæg fyrir störf aðildarlönda míðstöðvarinnar.

Næsti kafli sýnir þau **10 lykilskilaboð** sem eru afrakstur af vinnu EASIE árin 2014 og 2016 fram til dagsins í dag.

Þarnæsti kafli sýnir **meginniðurstöður í tengslum við fimm jafnræðismál** sem starf EASIE hefur verið þróað til að rannsaka. Allar eru þær settar upp sem aðalspurningin sem liggur til grundvallar jafnræðismálinu.

Lokakafli skýrslunnar sýnir [bakgrunninn að almennu starfi EASIE](#).



Við vonum að stefnumótendum, framkvæmdaaðilum, rannsakendum og öðrum hagsmunaaðilum í kerfinu muni finnast lykilskilaboðin og meginniðurstöðurnar úr nýlegri vinnu EASIE áhugaverðar fyrir sameiginlega vinnu sína við þróun námskerfa sem sinna betur námi án aðgreiningar.

Cor J.W. Meijer

Framkvæmdastjóri Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir



LYKILSKILABOÐ

Þegar litið er til gagnasafnanna frá 2014 og 2016 er hægt að auðkenna 10 lykilskilaboð:

- 1** Í heildina litið styðja tiltæk gögn þá forsendu frá öðrum starfssviðum miðstöðvarinnar að nám án aðgreiningar sé stefnusýn fyrir öll aðildarlönd miðstöðvarinnar. Öll löndin bjóða tækifæri til náms án aðgreiningar fyrir suma nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir (SEN). Hins vegar sýnir rannsókn á valkostum staðsetningar og fjölda að, þegar tekið er tillit til nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, eru aðildarlönd að innleiða þessa sýn á ólíkan hátt og að ólíku marki.
- 2** Vinsamlegast skoðið [bakgrunnsupplýsingar lands](#) (Evrópumiðstöðin, engin dags.-c) – til þess að fá upplýsingar um skilgreiningu á „opinberri ákvörðun um sérþarfir“ – þar sem hvert land hefur sína skilgreiningu á ólíkum hópum með sérþarfir. Nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir eru t.a.m. nemendur með fötlun eins og hún er skilgreind í *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* (Sameinuðu þjóðirnar, 2006), og einnig aðrir hópar nemenda sem eru með sértækar/viðbótarnámsþarfir sem krefjast meiri stuðnings og úrræða. Þetta er ein af aðalástæðum þess að svo mikill munur er á milli landsgagna og því er samanburður á milli landa oft flókinn – og í sumum tilfellum jafnvel ógerlegur.
- 3** Mikill munur er á greiningarfjölda nemenda með „opinbera ákvörðun um sérþarfir“ á milli landa. Gögnin endurspeгла mun á milli landa hvað varðar löggjöf og stefnumótun fyrir greiningu nemenda með sérþarfir, eins og gögnin eru sett fram og rædd á öðrum starfssviðum miðstöðvarinnar.
- 4** Ekkert af löndunum er með námskerfi sem er fyllilega án aðgreiningar þar sem 100% nemenda eru í almennum bekkjum og menntaðir með jafningjum sínum í a.m.k. 80% af tíma þeirra, í samræmi við staðsetningarviðmið EASIE. Öll lönd nota ólíkar gerðir aðskilinna sérúrræða – skóla, bekki og/eða einingar, ásamt ólíkra gerða menntunar utan skóla (þ.e. heimakennslu eða úrræða sem aðrir geirar viðhalda). Svið staðsetninga án aðgreiningar í löndunum er u.þ.b. á milli 92% til 99,5%. Þessi gögn gefa þversnið af því „hversu nálægt“ lönd eru kerfi sem er fyllilega án aðgreiningar.
- 5** Munur er á fjölda staðsetninga í sérstök, sértæk úrræði (aðskildir sérskólar, bekkir, einingar og óformlegt nám) á milli allra landa. Þessi gögn endurspeгла mismun á milli landa í löggjöf og stefnumótun fyrir námsstuðning og -úrræði, eins og var rætt og sett fram á öðrum starfssviðum miðstöðvarinnar.



- 6** Í öllum löndunum eru um það bil tvisvar sinnum fleiri drengir en stúlkur greindir með sérstaka námsþörf sem krefst opinberrar ákvörðunar um sérþarfir. Þetta 2:1 hlutfall endurspeglast í staðsetningarhlutfalli drengja og stúlkna í ólíkum skólum sem kom í ljós í flestum löndunum.
- 7** Afar skýrt mynstur er á milli allra landanna varðandi kynjadreifingu. Hins vegar er hið gagnstæða uppi á teningnum varðandi dreifingu á ISCED-stigi: þ.e.a.s. engin skýr mynstur eru greinanleg í fljótu bragði. Það eru töluverð frávik á milli landa á hlutfalli nemenda innan ISCED-stiganna tveggja. Þetta gefur til kynna að löndin greini nemendur sem þurfa opinbera ákvörðun á ólíkan hátt og á ólíkum stigum skólagöngu.
- 8** Aðstæður nemenda sem eru utan skóla af ólíkum ástæðum og undir ólíkum kringumstæðum (þ.e. nemendur sem eru formlega skráðir í nám en mæta ekki, eða eru ekki skráðir í neins konar nám) eru óljósar í næstum öllum löndunum. Það þarf að rannsaka þetta frekar, þar sem gögn fyrir flest lönd eru oft takmörkuð eða vantar.
- 9** Tiltæk þróunargögn frá öllum löndunum sýna enga almenna breytingu í meðaltali á greiningarfjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir. Hins vegar er skýr aukning í einstaka löndum á hlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir.
- 10** Tiltæk þróunargögn frá öllum löndum sýna einnig að það er að meðaltali óveruleg lækkun á hlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í fyllilega aðgreindu námsumhverfi (sérbekkjum og skólum).



FIMM JAFNRÆÐISMÁL

Þessi kafli sýnir meginniðurstöður frá 2014 og 2016 í tengslum við **jafnræðismálin fimm** sem vinna EASIE hefur verið þróuð til að rannsaka. Þessi jafnræðismál eru:

1. Aðgengi að námi í almennum skólum
2. Aðgengi að námi án aðgreiningar
3. Staðsetning nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir
4. Sundurliðun gagna eftir kynjum um staðsetningu nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir
5. Sundurliðun gagna á ISCED-stigi varðandi staðsetningu nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir

Öll þessi mál eru sett upp sem aðalspurning sem liggur til grundvallar jafnræðismálinu. Kafllinn er síðan byggður upp í kringum þá gagnagreiningarvísbenda sem reyna að svara spurningunni. Þeir vísbendar sem ræddir eru í hverjum kafla hafa sömu tölusetningu og vísbendarnir í [millilandaskýrslunum](#) frá 2014 og 2016 (Evrópumiðstöðin, 2017; 2018a).

Nánari upplýsingar um einstaka vísbenda má finna í millilandaskýrslunum. Þessar upplýsingar útskýra hvern vísbendi fyrir sig, þá reikningsaðferð sem var notuð, þau lönd sem eru talin með og niðurstöðu vísbendisins. Þær innihalda kort og töflur sem sýna allar tiltækar landsupplýsingar fyrir hvern vísbendi.

Fyrir sjö vísbenda sem leggja áherslu á alla skráða nemendur, eru sýndar niðurstöður í tengslum við þróun í gögnum. Þessar niðurstöður skoða mismun á milli heildarmeðaltals (prósentur) í gögnum frá 2014 og 2016. Þróunargögn eru sýnd sem prósentu sem gefur til kynna hækkun eða lækkun á milli gagnasafnanna tveggja. Mikilvægt er að athuga að þessi þróunargögn eru eingöngu byggð á löndum sem eiga gögn fyrir bæði 2014 og 2016.

Niðurstöður fyrir alla vísbendana í tengslum við aðalspurningar og atriði má finna í textareitum.

1. Hvaða hlutfall nemenda gengur í almennan skóla?

Hér er lögð áhersla á aðgengi nemenda að námi í almennum skólum.

Vísbendir 1.1 skoðar skráningarfjölda í námi í **almennum** skóla – þ.e.a.s., þá prósentu nemenda sem eru skráðir í alla almenna skóla, reiknað gegn þeim fjölda nemenda sem eru almennt skráðir í nám í skóla.

Gögnin beindu ljósi að nemendum sem eru, eða eru ekki, við nám í almennu skólaumhverfi.

Í flestum löndum gefur skráning í nám í almennum skóla til kynna að viðkomandi sé í almennum bekk eða í aðgreindum sérbekk innan almenns skóla. Nemendur sem eru ekki í almennu umhverfi eru í alveg aðgreindum sérskólum, óformlegu námi sem er rekið af heilsu- eða félagsþjónustu, o.s.frv., eða eru nemendur utan skóla.



Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 28 löndum. Meðal landanna 28 er skráningarhlutfall í almennum skólum á bilinu frá 93,44% til 99,88%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 28 er 97,36%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 29 löndum. Meðal landanna 29 er skráningarhlutfall í nám í almennum skólum á bilinu frá 92,02% til 99,97%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 29 er 98,64%.

Tiltæk gögn sýna að í öllum löndunum sækir yfirgnæfandi meirihluti nemenda nám í almennum skólum, en ekki allir nemendur sækja almenna skóla.

Ekkert land er með fulla skráningu í almennum skólum.

Þróun í gögnum um aðgengi nemenda að námi í almennum skólum

Gögn frá bæði 2014 og 2016 eru tiltæk frá 25 löndum. Meðal landanna 25 var meðalaukning upp á rétt yfir 1 prósent í skráningarhlutfalli í nám í almennum skóla á milli 2014 og 2016.

Gögnin benda til þess að heildarfjöldi skráninga í nám í almennum skóla sé rétt yfir 1 prósentu hærra en 2016 samanborið við 2014.

2. Hvaða hlutfall nemenda ver megninu af tíma sínum með jafningjum sínum í almennum skólastofum?

Þetta mál leggur áherslu á aðgengi allra nemenda að námi án aðgreiningar.

Vísbendir 1.2 skoðar skráningarhlutfall í nám án **aðgreiningar** – það er að segja, þá prósentu nemenda sem teljast verja að minnsta kosti 80% af tíma sínum í almennri skólastofu með jafningjum sínum, reiknað gegn fjölda nemenda sem eru skráðir í allt skólaumhverfi.

Gögnin sýna nemendur sem eru, eða eru ekki, í námi án aðgreiningar, í samræmi við 80% tímasetningarviðmið EASIE.

Í flestum löndum hefur skráning í nám án aðgreiningar að forsendu staðsetningu í almennum bekk í samræmi við 80% tímasetningarviðmiðin, eða hina ýmsu milliliði fyrir þetta viðmið (sjá virka skilgreiningu á [umhverfi án aðgreiningar](#) í kaflanum „Mikilvæg mál við upplýsingaöflun fyrir EASIE“ fyrir nánari upplýsingar).

Nemendur sem eru ekki í umhverfi án aðgreiningar eru í aðgreindum bekkjum í almennum skólum, alveg aðgreindum sérskólum, óformlegu námi sem er rekið af heilsu- eða félagsþjónustu, o.s.frv., eða eru utan formlegs náms.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 26 löndum. Skráningarhlutfall án aðgreiningar er á bilinu frá 93,47% til 99,88%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 26 er 97,54%.



Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 28 löndum. Skráningarhlutfall án aðgreiningar er á bilinu frá 92,02% til 99,97%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 28 er 98,19%.

Tiltæk gögn benda til þess að ekkert þeirra landa sem þátt tekur sé með 100% skráningu í umhverfi án aðgreiningar. Öll löndin nota einhvers konar aðgreind fagleg úrræði (aðgreinda skóla og einingar), ásamt aðgreindum bekkjum í almennum skólum.

Þróun í gögnum um aðgengi nemenda að námi án aðgreiningar

Gögn frá bæði 2014 og 2016 eru tiltæk frá 23 löndum. Meðal landanna 23 var óveruleg meðalaukning (0,14 prósent) í skráningu í nám án aðgreiningar.

Gögnin benda til þess að á milli 2014 og 2016 hafi almennt verið óveruleg aukning á hlutfalli nemenda sem verja meginu af tíma sínum með jafningjum sínum í almennum skólastofum.

3. Hvar eru nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir staðsettir vegna menntunar þeirra?

Þetta atriði leggur áherslu á hvar nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir eru staðsettir í nám, megnið af tíma sínum (80% eða meira).

Hins vegar er rannsókn á **greiningarhlutfalli** nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir helsti undanfari þess. Vísbendir 3a.1 skoðar þetta og beinir sjónum að prósentuhlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum fjölda nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 30 löndum. Greiningarhlutfallið er á bilinu frá 1,11% til 17,47%. Meðaltal á milli landanna er 4,53%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 30 löndum. Greiningarhlutfallið er á bilinu frá 1,06% til 20,50%. Meðaltal á milli landanna er 4,44%.

Það er skýr munur á fjölda og hlutfalli nemenda sem eru greindir með sérstakar námsþarfir (þar með talið fötlun) sem krefst einhvers konar viðbótarúrræða. Þetta endurspeglar mun á stefnum og starfsháttum landa varðandi menntun almennt séð og sérstaklega varðandi sérkennslu.

Hægt er að útskýra mismuninn á greiningarhlutfalli að miklu leyti með mismuninum á matsaðferðum og fjármögnunarkerfum, frekar en með mismunandi gerðum sérþarfa eða fötlunar sem krefst opinberrar ákvörðunar um sérþarfir.



Þróun í gögnum um greiningarlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir

Gögn frá bæði 2014 og 2016 eru tiltæk frá 29 löndum. Meðal landanna 29 var meðalhluftfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir um það bil það sama (0,04 prósent munur) árið 2014 og árið 2016.

Gögnin benda til þess að ekki hafi verið nein almenn breyting á greiningarlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir meðal neinna af löndunum, en sum einstök lönd höfðu greinileg frávik.

Hægt er að kanna dreifingu staðsetningar nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir á tvo vegu:

1. Staðsetning í samanburði við allan fjölda nemenda (þ.e. alla nemendur)
2. Staðsetning í samanburði við fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Sérhver af þessum möguleikum er skoðaður sérstaklega hér að neðan.

Staðsetning í samanburði við allan fjölda nemenda

Vísbendir 3b.1 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í námi án aðgreiningar, byggt á fjölda skráðra nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 28 löndum. Prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í umhverfi án aðgreiningar er á bilinu frá 0,14% til 16,02%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 28 er 2,36%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 28 löndum. Prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í umhverfi án aðgreiningar er á bilinu frá 0,12% til 19,05%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 28 er 2,73%.

Þegar þessi gögn eru skoðuð í samanburði við þá prósentu nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum fjölda nemenda, sést að fyrir mörg lönd með hæsta greiningarlutfall á sérþörfum eru flestir þessa nemenda staðsettir í umhverfi án aðgreiningar.

Vísbendir 3b.2 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérþekkingum, byggt á fjölda skráðra nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 24 löndum. Staðsetningarbilið er frá 0,09% til 3,64%. Heildarmeðaltal 0,56% nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir eru menntaðir í sérstöku sérþekkingum í almennum skólum.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 24 löndum. Staðsetningarbilið er frá 0,07% til 3,70%. Heildarmeðaltal 0,53% nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir eru menntaðir í sérstöku sérþekkingum í almennum skólum.



Í öllum löndunum er hægt að skrá nemendur í almenna skóla, en þeir kynnu að verja megninu af tíma sínum frá jafningjum sínum.

Mikilvægt er að hafa í huga að þessi þáttur kann að vera vantilkynntur. Mörg lönd skýra frá því að það sé erfitt að gefa upp gögn um nemendur í aðgreindum bekkjum í almennum skólum. Gögn um sérskóla eru aðgengilegri í flestum löndum sem veittu gögn.

Vísbendir 3b.3 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérskólum, byggt á fjölda skráðra nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 30 löndum. Staðsetningarbilið er frá 0,09% til 7,06%. Heildarmeðaltal 1,82% nemenda eru menntaðir í sérskólum.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 30 löndum. Staðsetningarbilið er frá 0,03% til 7,98%. Heildarmeðaltal 1,54% nemenda eru menntaðir í sérskólum.

Í öllum löndunum er hægt að skrá nemendur í aðskilda sérskóla, þar sem þeir verja megninu af tíma sínum frá jafningjum sínum.

Það fjölbreytta úrval af staðsetningarhlutfalli í sérskóla gefur til kynna að afar ólíkar staðsetningaraðferðir og kerfi séu notuð í ólíkum löndum fyrir nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Vísbendir 3b.4 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í óformlegu skólaumhverfi, byggt á fjölda skráðra nemenda. Aðeins fjögur lönd gátu veitt gögn fyrir þennan vísbendi. Þar af leiðandi koma engar skýrar niðurstöður í ljós, svo að hann er ekki tiltekinn hérna. (Kafllinn „[Punktur](#)“ í skýrslunni vísar til þess þegar gögn eru ótiltæk.)

Vísbendir 3b.5 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í aðgreindu skólaumhverfi (þ.e. sérskólum og -bekkjum), byggt á fjölda skráðra nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 24 löndum. Staðsetning í aðskilið skólaumhverfi er á bilinu frá 0,36% til 6,28%, með heildarmeðaltal meðal landanna 24 upp á 1,67%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 24 löndum. Staðsetning í aðskilið skólaumhverfi er á bilinu frá 0,55% til 5,88%, með heildarmeðaltal meðal landanna 24 upp á 1,62%.

Fyrir suma nemendur í löndunum öllum – sérstaklega þá sem eru með flóknar og miklar sérþarfir og/eða fötlun – eru fagleg úrræði ennþá sú staðsetning í nám sem tryggir rétt þeirra til menntunar, en þó ekki til náms án aðgreiningar.



Þróun í gögnum um staðsetningu nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir samanborið við heildarfjölda nemenda.

Gögn fyrir vísbendi 3b.1 frá bæði 2014 og 2016 eru tiltæk fyrir 25 lönd. Meðal landanna 25 var væg meðalaukning (0,27 prósent) á hlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í umhverfi án aðgreiningar á milli 2014 og 2016.

Gögnin benda til þess að það hafi verið væg meðalaukning á nemendum með opinbera ákvörðun um sérþarfir sem eru staðsettir í umhverfi án aðgreiningar.

Gögn fyrir vísbendi 3b.2 frá bæði 2014 og 2016 eru tiltæk fyrir 23 lönd. Meðal landanna 23 var meðalhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérþekkjum næstum óbreytt (0,04 prósent lækkun) á milli 2014 og 2016.

Gögnin benda til þess að hlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir sem eru staðsettir í sérþekki sé næstum óbreytt.

Gögn fyrir vísbendi 3b.3 frá bæði 2014 og 2016 eru tiltæk fyrir 28 lönd. Meðal landanna 28 var meðalhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérskólum um það bil það sama (0,06 prósent lækkun) fyrir árin 2014 og 2016.

Gögnin benda til þess að hlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir sem eru staðsettir í sérskóla sé næstum óbreytt.

Gögn fyrir vísbendi 3b.5 frá bæði 2014 og 2016 eru tiltæk fyrir 23 lönd. Meðal landanna 23 var óveruleg lækkun (0,05 prósent) á hlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í aðgreindu námsumhverfi á milli 2014 og 2016.

Gögnin benda til þess að það sé óveruleg lækkun á hlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í aðgreindu námsumhverfi.

Staðsetning í samanburði við fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir

Vísbendir 3c.1 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í námi án aðgreiningar, byggt á fjölda skráðra nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 28 löndum, á bilinu frá 3,46% til 98,18% og heildarmeðaltalið er 52,68%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 28 löndum, á bilinu frá 4,98% til 99,21% og heildarmeðaltalið er 60,56%.



Staðsetningarbíl nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í námi án aðgreiningar er nokkuð víðtækt. Enn sem áður bendir þetta til þess að löndin hafi afar ólíkar nálganir við framboð á menntun fyrir nemendur sem eru greindir með sérþarfir.

Meðal landanna er yfir helmingur allra nemenda sem eru greindir með sérþarfir staðsettir í umhverfi án aðgreiningar – það er að segja, almenna bekki – í yfir 80% tilfella.

Vísbendir 3c.2 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérbekkjum, byggt á fjölda skráðra nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 24 löndum, á bilinu frá 1,89% til 59,69% og heildarmeðaltalið er 13,16%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 24 löndum, á bilinu frá 2,15% til 55,34% og heildarmeðaltalið er 11,91%.

Það virðist vera mikill munur á löndum eftir því að hvaða marki þau nota sérbekki sem staðsetningarkost fyrir nemendur með sérþarfir.

Samanborið við aðrar gerðir staðsetningar (þ.e. nám án aðgreiningar eða sérskóla), er þessi gerð staðsetningar ekki jafn útbreidd. Eins og áður var tekið fram kunna þessi gögn hins vegar að vera vantilkynnt þar sem mörg lönd segja að þau eigi erfitt með að gefa áreiðanleg gögn um þennan vísbendi.

Vísbendir 3c.3 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérskólum, byggt á fjölda skráðra nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 30 löndum, á bilinu frá 1,74% til 95,73% og heildarmeðaltalið er 40,04%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 30 löndum, á bilinu frá 0,79% til 100,00% og heildarmeðaltalið er 34,76%.

Löndin tilkynna að í tengslum við þennan vísbendi séu gögnin um nemendur með sérþarfir áreiðanlegust. Þau eru einnig tiltæk frá öllum löndum sem taka þátt í upplýsingaöfluninni.

Nálgun við notkun á þessum staðsetningarkosti er á víðtæku bili – frá undir 1% til næstum 100% nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir sem eru staðsettir í sérskóla. Enn og aftur endurspeglar þetta víðtækt bil yfir nálganir við stefnumótun og úrræði meðal landanna.

Vísbendir 3c.4 skoðar prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í óformlegu námsumhverfi, byggt á fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir.



Aðeins fjögur lönd gátu veitt gögn fyrir þennan vísbendi. Þar af leiðandi koma engar skýrar niðurstöður í ljós, svo að hann er ekki tiltekinn hérna. Kaflinn „[Punktur](#)“ í skýrslunni ræðir það þegar gögn eru ótiltæk.

Vísbendir 3c.5 skoðar prósentuhlutfall af nemendum með opinbera ákvörðun um sérþarfir í aðgreindu námsumhverfi (þ.e. sérskólum og -bekkjum), byggt á fjölda nemenda með sérþarfir.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 24 löndum, á bilinu frá 7,11% til 100% og heildarmeðaltalið er 39,05%.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 24 löndum, á bilinu frá 7,10% til 100%¹ og heildarmeðaltalið er 36,56%.

Mikill munur er á úrvali af aðgreindri staðsetningu í nám eftir löndum. Engu að síður eru í öllum þeim löndum sem veittu upplýsingar einhverjir nemendur sem fá ekki uppfylltan rétt sinn til náms án aðgreiningar með jafningjum sínum.

Meðal þátttökulandanna stunda næstum 40% nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir nám í aðgreindu skólaumhverfi.

4. Hvaða munur er á greiningarhlutfalli og staðsetningarhlutfalli stúlkna og drengja með opinbera ákvörðum um sérþarfir?

Fyrir nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir er sundurliðað eftir kynjum við upplýsingaöflunina í tengslum við:

- greiningarhlutfall;
- dreifingu staðsetningar nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum fjölda nemenda;
- dreifingu staðsetningar nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum nemendafjölda með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Sundurliðun eftir kynjum vegna greiningarhlutfalls nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir er skoðað með vísbendi 3a.1. Þessi vísbendir beinir sjónum að prósentuhlutfalli karlkyns/kvenkyns nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum fjölda nemenda.

Gögn frá 2014 eru tiltæk frá 23 löndum. Greiningarhlutfall sérþarfa fyrir drengi er á bilinu frá 0,68% til 10,99%, með heildarmeðaltalið 2,86%. Greiningarhlutfall sérþarfa fyrir stúlkur er á bilinu frá 0,43% til 6,48%, með heildarmeðaltalið 1,37%.

¹ Fyrir bæði gagnasöfnin frá 2014 og 2016 ættu gögn upp á 100% fyrir eitt land sem er meðtalið í þessum vísbendi að skoðast sem undantekning. Það er vegna þess að gögn um nemendur með opinbera ákvörðun um sérskóla eru aðeins tiltæk fyrir sérþekki og sérskóla, en ekki fyrir neins konar staðsetningu án aðgreiningar.



Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 26 löndum. Greiningarhlutfall sérþarfa fyrir drengi er á bilinu frá 0,64% til 12,69%, með heildarmeðaltalið 2,99%. Greiningarhlutfall sérþarfa fyrir stúlkur er á bilinu frá 0,42% til 7,82%, með heildarmeðaltalið 1,45%.

Auk sundurliðunar á kynjum var dreifing eftir kynjum rannsökuð árið 2016. Hún var byggð á heildarfjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, í tengslum við skráðan nemendafjölda með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Gögn frá 2016 eru tiltæk frá 26 löndum. Dreifing meðal drengja er á bilinu frá 60,16% til 73,50%, með heildarmeðaltalið 67,35%. Meðal stúlkna er heildarmeðaltalið 32,65% og dreifingin á bilinu frá 26,50% til 39,84%.

Greiningarhlutfall á milli drengja og stúlkna í löndunum er 2:1. Fjöldi nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir samanstendur af 68% drengjum og 32% stúlkum.

Ólíkur fjöldi landa getur veitt gögn fyrir vísbendana 10 sem tengjast sundurliðun eftir kynjum á staðsetningu nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í ólíku umhverfi (nám án aðgreiningar, sérþekki, sérskóla, óformlegt nám, allt aðgreint umhverfi).

Þegar litið er til allra þessa vísbenda sést að dreifing eftir kynjum er um það bil sú sama fyrir alla vísbenda: í kringum tveir þriðju nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í ólíku skólaumhverfi eru drengir, á meðan um einn þriðji eru stúlkur. Þessar niðurstöður koma í ljós fyrir vísbenda sem byggjast á heildarfjölda nemenda, ásamt fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Staðsetningarhlutfall í öllu umhverfi (námi án aðgreiningar, sérþekkjum, sérskólum og öllu aðgreindu umhverfi) er einnig 2:1. Þ.e.a.s., í öllum löndunum eru u.þ.b. tvisvar sinnum fleiri drengir en stúlkur staðsettir í ólíkt skólaumhverfi.

Þessar niðurstöður virðast benda til þess að menntakerfi allra landanna greini drengi með sérþarfir í meira mæli en stúlkur.

Greiningarhlutfall upp á 2:1 endurspeglast í staðsetningarhlutfalli: tvisvar sinnum fleiri drengir með opinbera ákvörðun um sérþarfir eru staðsettir í nám án aðgreiningar, sérþekki eða sérskóla, samanborið við stúlkur.

5. Hver er munurinn á greiningarhlutfalli og staðsetningarhlutfalli nemenda á milli ISCED 1 og 2?

Tveir þættir EASIE-upplýsingasöfnunar skoða ISCED-mál:

- Aldursþversnið gefið í töflu 2
- Sundurliðun á ISCED-stigum 1 og 2 gefin í töflu 3.



Gögn um aldursþversnið auðkenna fjölda nemenda á tilteknum aldri; 9 ára (samsvarandi við dæmigert aldursbil ISCED 1 fyrir flest löndin) og 15 ára (samsvarandi við dæmigert aldursbil ISCED 2 fyrir flest löndin). Þessi tvö aldursbil samsvara einnig upplýsingaöflun á vegum Evrópusambandsins um brotthvarfshlutfall úr námi.

Vísbendir 2.1 gefur aldursþversnið af 9 ára gömlum nemendum. Vísbendir 2.2 gefur aldursþversnið af 15 ára gömlum nemendum. Báðir vísbendar tengjast skráningarhlutfalli í nám í almennum skólum, þ.e. prósentu nemenda á tilteknum aldri sem eru skráðir í alla almenna skóla, reiknað gegn fjölda nemenda á tilteknum aldri sem eru skráðir í allt námsumhverfi.

Gögnin leggja áherslu á 9 og 15 ára gamla nemendur sem eru, eða eru ekki, í námi í almennum skólum. Þau gefa „aldursþversnið“ á ISCED-stigunum, þar sem þau eru innan dæmigerðs ISCED-aldursbils fyrir næstum öll löndin.

Fyrir 9 ár gömul börn eru gögn frá 2014 tiltæk frá 25 löndum. Skráningarhlutfall í nám í almennum skólum fyrir 9 ára gömul börn er á bilinu frá 93,27% til 100,00% og heildarmeðaltalið er 98,10%.

Fyrir 9 ár gömul börn eru gögn frá 2016 tiltæk frá 27 löndum. Skráningarhlutfall í nám í almennum skólum fyrir 9 ára gömul börn er á bilinu frá 93,79% til 99,98% og heildarmeðaltalið er 98,54%.

Fyrir 15 ár gömul börn eru gögn frá 2014 tiltæk frá 23 löndum. Skráningarhlutfall í nám í almennum skólum fyrir 15 ára gömul börn er á bilinu frá 88,29% til 99,81% og heildarmeðaltalið er 98,18%.

Fyrir 15 ár gömul börn eru gögn frá 2016 tiltæk frá 26 löndum. Skráningarhlutfall í nám í almennum skólum fyrir 15 ára gömul börn er á bilinu frá 88,23% til 99,99% og heildarmeðaltalið er 97,07%.

Í öllum löndunum sækir yfirgnæfandi meirihluti 9 ára gamla nemenda nám í almennum skólum, en ekki allir. Í öllum löndunum sækir yfirgnæfandi meirihluti 15 ára gamla nemenda nám í almennum skólum, en ekki allir. Ekkert land er með fulla skráningu í almenna skóla fyrir 15 ára gamla nemendur.

Þegar gögn um aldursþversnið eru skoðuð í tengslum við ISCED-stigin, sést að skráningarhlutfall í almenna skóla á ISCED-stigum 1 og 2 er um það bil hið sama.

Vísbendar 2.3 og 2.4 rannsaka aldursþversnið skráningarhlutfalls í nám án aðgreiningar fyrir 9 og 15 ára gömul börn (eftir því sem við á), þ.e. þá prósentu nemenda á tilteknum aldri sem teljast verja að minnsta kosti 80% af tíma sínum í almennri skólastofu með jafningjum sínum, reiknað gegn fjölda nemenda á tilteknum aldri sem eru skráðir í allt skólaumhverfi.

Fyrir 9 ár gömul börn eru gögn frá 2014 tiltæk frá 21 landi. Skráningarhlutfall án aðgreiningar er á bilinu frá 93,27% til 100,00% og heildarmeðaltalið er 98,18%.



Fyrir 9 ár gömul börn eru gögn frá 2016 tiltæk frá 22 löndum. Skráningarhlutfall án aðgreiningar er á bilinu frá 93,79% til 99,98% og heildarmeðaltalið er 98,67%.

Fyrir 15 ár gömul börn eru gögn frá 2014 tiltæk frá 20 löndum. Skráningarhlutfall án aðgreiningar er á bilinu frá 92,00% til 99,79%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 20 er 97,88%.

Fyrir 15 ár gömul börn eru gögn frá 2016 tiltæk frá 21 landi. Skráningarhlutfall án aðgreiningar er á bilinu frá 78,78% til 99,99%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 21 er 98,45%.

Flest lönd mennta að minnsta kosti nokkra 9 ára gamla nemendur í einhvers konar aðgreinandi umhverfi. Flest lönd hafa aðgreind fagleg úrræði (aðgreinda skóla og einingar), ásamt aðgreindum bekkjum í almennum skólum fyrir áætlanir á ISCED-stigi 1.

Ekkert þátttökulandanna er með 100% skráningu í umhverfi án aðgreiningar fyrir 15 ára gömul börn. Öll löndin nota einhvers konar aðgreind fagleg úrræði (aðgreinda skóla og einingar), ásamt aðgreindum bekkjum í almennum skólum fyrir áætlanir á ISCED-stigi 2.

Pegar gögn um aldursþversnið eru skoðuð í tengslum við ISCED-stigin, sést að skráningarhlutfall í nám án aðgreiningar á ISCED-stigum 1 og 2 er u. þ.b. hið sama.

Fyrir nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir er einnig sundurliðað eftir ISCED-stigum 1 og 2 við upplýsingaöflunina í tengslum við:

- greiningarhlutfall;
- dreifingu staðsetningar nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum fjölda nemenda;
- dreifingu staðsetningar nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum nemendafjölda með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Pegar litið er til skráningarhlutfalls eru gögn frá 2014 tiltæk frá 29 löndum:

Á ISCED 1 er greiningarhlutfall sérþarfa á bilinu frá 0,62% til 10,89%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 29 er 2,62%.

Á ISCED 2 er greiningarhlutfall sérþarfa á bilinu frá 0,50% til 6,82%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 29 er 2,23%.

Pegar litið er til skráningarhlutfalls eru gögn frá 2016 tiltæk frá 30 löndum:

Á ISCED 1 er greiningarhlutfall sérþarfa á bilinu frá 0,62% til 12,57%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 30 er 2,37%.

Á ISCED 2 er greiningarhlutfall sérþarfa á bilinu frá 0,45% til 7,94%; heildarmeðaltalið fyrir löndin 30 er 2,07%.

Auk sundurliðunar eftir ISCED var dreifing eftir ISCED innan ISCED-stiga rannsökuð. Hún byggir á heildarfjölda nemenda á ISCED 1/ISCED 2 sem eru greindir með opinbera ákvörðun um sérþarfir, með tilliti til heildarfjölda nemenda á hverju ISCED-stigi.



Gögn frá 2016 eru tiltæk fyrir 30 lönd. Heildarmeðaltalið fyrir ISCED 1 er 4,12% og á bilinu frá 0,90% til 19,45%. Fyrir ISCED 2 er heildarmeðaltalið 4,86% og á bilinu frá 1,42% til 22,48%.

Töluverður munur er á hlutfalli nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir á ISCED 1 samanborið við ISCED 2 á milli landa. Í flestum löndunum jókst hlutfallið á milli ISCED 1 og ISCED 2.

Ein hugsanleg skýring er að margir nemendur í þessum löndum haldi þeirri „flokkun“ að þeir þurfi stuðning í gegnum alla skólagöngu sína. Þar að auki eru aðrir nemendur sem hafa nýlega verið greindir með þörf á opinberri ákvörðun um sérþarfir á ISCED 2.

Taka ber fram að þetta er ekki mynstrið í öllum löndunum: í nokkrum löndum eru fleiri nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir á ISCED 1.

Ólíkur fjöldi landa getur veitt gögn fyrir vísbendana 10 sem tengjast sundurliðun á ISCED á staðsetningu nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í ólíku umhverfi (nám án aðgreiningar, sérþekki, sérskóla, óformlegt nám, allt aðgreint umhverfi).

Þegar litið er til allra tiltækra vísbenda, þrátt fyrir mismun og ólík mynstur á milli landanna, breytist hlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir á ISCED-stigum 1 og 2 þvert yfir allt námsumhverfið ekki að miklu marki. Almenn heildarmeðaltal skráningarhlutfalls í umhverfi án aðgreiningar og sérþekki er aðeins hærra í ISCED 1 en ISCED 2. Þessum lítillægu frávikum er aðeins snúið við fyrir sérskóla, þar sem hlutfallslega fleiri nemendur eru í sérskólum á ISCED 2 en á ISCED 1.

Þegar samanlögð gögn fyrir nemendur í öllum aðgreindum sérskólum – og þó að viðurkennt sé að munur sé á milli landanna – eru skoðuð má aftur á móti sjá að það eru fleiri nemendur í fyllilega aðgreindu skólaumhverfi á ISCED-stigi 1 en á ISCED-stigi 2.



BAKGRUNNUR EASIE-STARFSINS

Í yfir 20 ár hefur Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Míðstöðin) þjónað sem samstarfsaðili í stefnumálum náms án aðgreiningar fyrir aðildarlönd sín (eins og stendur nær hún yfir 35 lögsagnarumdæmi í 31 aðildarlandanna).

Upplýsingaöflun tölfraði Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar (EASIE) byggir á röð aðgerða míðstöðvarinnar. Evrópumíðstöðin safnaði fyrst meginlegum samanburðargögnum til um fjölda nemenda sem voru greindir með sérþarfir í 17 aðildarlöndum míðstöðvarinnar árið 1999. Þetta starf var aðgerð sem var metin af Sókratesaráætlun Framkvæmdastjórn ESB. Upplýsingarnar sem var safnað árið 1999 voru endurskoðaðar og taldar gagnlegt viðmiðunarefni fyrir landsfulltrúa míðstöðvarinnar. Ákvörðun var tekin um að safna meginlegum gögnum reglulega um fjölda nemenda sem eru greindir með sérþarfir og hvar þeir hlutu menntun. Fulltrúar aðildarlanda míðstöðvarinnar hafa safnað slíkum gögnum og Evrópumíðstöðin gefið þau út á tveggja ára fresti síðan 2002. Nánari upplýsingar má finna í [Skýrslu um aðferðafræði EASIE](#) (Evrópumíðstöðin, 2016), sem nær yfir upplýsingaöflun frá 2014 og 2016², og ýmsu útgáfuefni [Landsupplýsinga um sérkennslu](#) (Evrópumíðstöðin, 2009; 2010; 2012).

Upplýsingaöflun EASIE er stighækkandi verkefni míðstöðvarinnar til lengri tíma litið. Hún miðar að því að upplýsa um réttindi nemenda og gæði námskerfa og skilvirknivandamál, eins og lýst er í [Samningi um réttindi barnsins](#) (Sameinuðu þjóðirnar, 1989) og [Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks](#) (Sameinuðu þjóðirnar, 2006), ásamt [stefnumótandi markmiðum Evrópusambandsins um menntun og þjálfun](#) (ET 2020) (Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2016).

Umfang gagna

Vinna EASIE sýnir áherslubreytingar á upplýsingaöflun míðstöðvarinnar. Hún fer frá því að einblína alfarið á nemendur með sérþarfir og staðsetningu í aðgreinda sérskóla, í átt að áherslu á alla nemendur í skyldunámi og skráningum í allt umhverfi – aðgreint og án aðgreiningar. Auk þess veita EASIE-gögnin yfirgrípsmeiri vísbenda í tengslum við aðgengi að námi án aðgreiningar, þar með talið sundurliðun eftir kyni og ISCED-áætlunum – eins og stendur ISCED-stig 1 og 2.

Upplýsingaöflun EASIE nær yfir:

- fjölda nemenda á skólaskyldualdri á ISCED-stigum 1 og 2 (þann fjölda nemenda á gefnum aldri sem eru skráðir í skóla);
- alla geira skyldunáms (ríkisrekna skóla, sjálfstæða skóla og einkarekna skóla);
- alla hugsanlega staðsetningu í nám (almenna skóla, sérþekki og -einingar og sérskóla);

² Uppfærð útgáfa af skýrslu um aðferðafræði EASIE hefur verið útbúin sem fylgiskjal við upplýsingaöflun fyrir 2018 (Evrópumíðstöðin, 2018b).



- óformlega menntun (t.d. úrræði sem er haldið úti af geirum sem tengjast ekki menntun, eins og heilbrigðis- eða félagsþjónustu);
- nemendur sem eru án neins konar námsúrræða.

Skýrslan rannsakar tiltæk gögn frá öllum þátttökulöndum í upplýsingaöfluninni.

Gagnasafnið frá 2014 nær yfir gögn frá 30 löndum: Belgíu (flæmskumælandi hlutanum), Belgíu (frönskumælandi hlutanum), Bretlandi (Englandi), Bretlandi (Norður-Írlandi), Bretlandi (Skotlandi), Bretlandi (Wales), Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Íslandi, Írlandi, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Póllandi, Portúgal, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi, Þýskalandi.

Gagnasafnið frá 2016 nær einnig yfir gögn frá 30 löndum, en ekki sömu löndum: Belgíu (flæmskumælandi hlutanum), Bretlandi (Englandi), Bretlandi (Norður-Írlandi), Bretlandi (Skotlandi), Bretlandi (Wales), Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Íslandi, Írlandi, Ítalíu, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Póllandi, Portúgal, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi, Þýskalandi.

Bæði gagnasöfn hafa verið greind í tengslum við þá 17 vísbenda sem voru auðkenndir og samþykktir meðal gagnasérfræðinga í hverju landi (sýndir að fullu í [viðaukanum](#)).

Vísbendarnir byggjast á þremur sviðum landsupplýsinga:

- Upplýsingar um fjölda nemenda og skráningar
- Upplýsingar um nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir
- Aldursþversnið (9 og 15 ára gömul börn), samsvarandi við ISCED-stig 1 og 2.

EASIE-gögnin beina athyglinni að öllum nemendum, aldursþversniði af öllum nemendum og einum undirhóp nemenda sem fá stuðning við að mæta námsþörfum sínum, þ.e. þeim sem eru með opinbera ákvörðun um sérþarfir.

Eins og stendur safnar Evrópumíðstöðin ekki gögnum frá löndunum um nemendur **án** opinberrar ákvörðunar um sérþarfir, sem hljóta einhvers konar viðbótarstuðning í námi. Fulltrúar aðildarlanda míðstöðvarinnar samþykktu að ekki verði farið í upplýsingaöflun til að rannsaka þessa nemendur í fyrirsjáanlegri framtíð.

Mikilvæg mál við upplýsingaöflun fyrir EASIE

Öll þátttökulöndin hafa afar ólíkar aðstæður til stefnumótunar og framkvæmdar fyrir nám án aðgreiningar. Svo að landsupplýsingar sem ná yfir þau svið, sem var lýst hér að ofan, séu nokkurn veginn sambærileg verður að nota tvær mikilvægar virkar skilgreiningar fyrir upplýsingaöflun, sem sérfræðingar í upplýsingaöflun í hverju landi hafa sammælt um og samþykkt:

Virk skilgreining á opinberri ákvörðun um sérþarfir

Opinber ákvörðun leiðir til þess að nemendur séu viðurkenndir sem hæfir fyrir viðbótarstuðning í námi til að mæta námsþörfum sínum.

Opinber ákvörðun mætir eftirfarandi viðmiðum:

- Notuð var aðferð við námsmat sem þverfaglegt teymi kom að.



- Þverfagleg teymi innihalda starfsfólk innan og utan við skóla nemendanna.
- Fyrirliggjandi er lagalegt skjal sem lýsir þeim stuðningi sem nemendur geta fengið og sem er notað sem grundvöllur til áætlanagerðar.
- Hin opinbera ákvörðun er háð formlegri og reglulegri endurskoðun.

Öll gögn sem er safnað í tengslum við nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir eru í samræmi við þessa virku skilgreiningu á opinberri ákvörðun um sérþarfir.

Virk skilgreining á umhverfi án aðgreiningar

Umhverfi án aðgreiningar vísar til menntunar þar sem nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir hljóta menntun að mestum hluta – 80% eða meira – skólavikunnar í almennum bekkjum meðal jafningja sinna.

Fyrri vinna og verkefni við upplýsingaöflun miðstöðvarinnar hafa notað þessi 80% tímasetningarviðmið í ólíkum myndum. 80% gefa skýrt til kynna að nemendur séu staðsettir í almennum skólaumhverfi mestalla skólavíkuna. Um leið viðurkenna þau möguleikann á því að litlir hópar eða einstaklingar dragi sig út úr skólastofunni í takmarkaðan tíma (þ.e. 20% eða einn dag í viku).

Ekki gátu öll löndin gefið upp nákvæm gögn í tengslum við 80% tímasetningarviðmiðin. Þess vegna hafa staðgöngugögn verið fundin, samþykkt og notuð eftir þörfum. Sjá tilteknar [bakgrunnsupplýsingar landa](#) fyrir nánari upplýsingar (Evrópumiðstöðin, engin dagsetning-c).

Áhersla á greiningu EASIE-gagna

Metnaður EASIE-starfsins til lengri tíma litið er að veita:

- samþykktan hóp vísbenda sem geta upplýst vinnu stefnumótenda í tengslum við markmið Evrópusambandsins um menntun og þjálfun og *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* (Sameinuðu þjóðirnar, 2006);
- gögn og styðjandi eigindlegar upplýsingar sem upplýsa um réttindamál nemenda.

Greiningin miðar að því að undirstrika þær meginniðurstöður sem upplýsa vinnu í samræmi við þessi alþjóðlegu leiðbeiningarskjöl, ásamt [Tillögu að afstöðu miðstöðvarinnar til námskerfa án aðgreiningar](#) (Evrópumiðstöðin, 2015). Einkum miða þær upplýsingar sem hér eru sýndar að því að stuðla að sameiginlegum endanlegum markmiðum aðildarlanda miðstöðvarinnar um námskerfi án aðgreiningar, sem eru: „að tryggja að öllum nemendum, óháð aldri, sé veitt þýðingarmikil, hágæða námstækifæri í sínu næsta nágrenni, meðal vina sinna og jafnaldra“ (á sama stað, bls. 1).

Áherslan á heildarfjölda nemenda innan EASIE er í samræmi við þá forsendu tillögugerðarinnar að:

... stefnan sem ákvarðar námskerfi án aðgreiningar verður að veita skýra sýn og hugmyndavinnu fyrir nám án aðgreiningar sem leið til að bæta námstækifæri fyrir alla nemendur (á sama stað).



Upplýsingaöflun EASIE getur ekki upplýst þau ýmsu eigindlegu mál fyrir nám án aðgreiningar sem eru sýnd í tillögugerðinni. Hins vegar getur hún veitt upplýsingar í tengslum við „framboð sveigjanlegs framhalds á ráðstöfunum og úrræðum“ (á sama stað, bls. 2), sérstaklega ólíkar gerðir staðsetningar í nám í löndunum.

Punktur

Gögnin sem löndin gáfu upp eru eins alhliða og hægt er eins og stendur. Staðfest var að öll gögn væru í samræmi við þær virku skilgreiningar, sem Evrópumíðstöðin hafði samþykkt, á opinberri ákvörðun um sérþarfir og 80% tímasetningarviðmiðin eða viðeigandi staðgengla. Löndin telja ekki ástæðu til að breyta þessum skilgreiningum eða hvernig þau safna gögnum í samræmi við þær. Öll gögnin koma frá gagnasérfræðingum á landsvísu og síðan athuga fulltrúar aðildarlanda miðstöðvarinnar þau og samþykkja. Allir útreikningar á gögnum – eins og þeir eru sýndir í millilandaskýrslunum – eru athugaðir og samþykktir af bæði gagnasérfræðingum og fulltrúum aðildarlanda miðstöðvarinnar.

Hins vegar er fjöldi atriða innan gagnasafnanna sem verður að viðurkenna. Punktarnir hér að neðan undirstrika nokkur aðferðafræðileg og/eða stjórnsýsluleg vandamál sem verða vegna vinnu við upplýsingaöflun sem ætti að taka til skoðunar við lestur þessarar skýrslu.

Fjöldi þeirra landa sem veitir gögn sem tengjast tilteknum vísbendum er ólíkur innan og á milli gagnasafna. Það þýðir að munur er á fjölda landa sem eru talin með í útreikningi fyrir hvern vísbendi. Þar af leiðandi er ekki hægt að gera neinn áreiðanlegan samanburð á milli vísbenda. Í þessari skýrslu eru niðurstöðurnar aðallega sýndar í tengslum við hvern vísbendi fyrir sig.

Það vantar gögn í öllum upplýsingum landanna, þar með talið gögn um staðsetningu vegna sérþarfa og sundurliðun eftir kyni. Fyrir sum löndin eru núll (0) gögn gefin upp við tiltekna spurningar, þegar réttara gæti verið að gefa til kynna að gögnin vantaði (V). Við gagnaútreikning í millilandaskýrslum hefur flestum núllum verið skipt út fyrir V, í samræmi við viðkomandi lönd.

Ólík lönd hafa töluverð áhrif á heildarmeðaltal vísbendanna. Lönd með meiri íbúafjölda hafa miklu meiri áhrif á heildarmeðaltalið en þau sem hafa minni íbúafjölda. Þar af leiðandi verður að fara varlega í að draga ályktanir af heildarmeðaltalinu.



HEIMILDIR

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2009. *Special Needs Education Country Data 2008 [Landsupplýsingar frá 2008 um sérkennslu]*. (A. Watkins, ritst.). Óðinsvé, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/special-needs-education-country-data-2008 (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2010. *Special Needs Education Country Data 2010 [Landsupplýsingar frá 2010 um sérkennslu]*. (A. Watkins, ritst.). Óðinsvé, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/special-needs-education-country-data-2010 (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012. *Special Needs Education Country Data 2012 [Landsupplýsingar frá 2012 um sérkennslu]*. (A. Lénárt og A. Watkins, ritst.). Óðinsvé, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/special-needs-education-country-data-2012 (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2015. *Tillaga að afstöðu miðstöðvarinnar til námskerfa án aðgreiningar*. www.european-agency.org/resources/publications/agency-position-inclusive-education-systems-flyer (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016. *European Agency Statistics on Inclusive Education (EASIE): Methodology Report [Tölfræði Evrópumiðstöðvar um menntun án aðgreiningar (EASIE): Skýrsla um aðferðafræði]*. (A. Watkins, S. Ebersold og A. Lénárt, ritst.). Óðinsvé, Danmörku. www.european-agency.org/data/methodology-report (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. *European Agency Statistics on Inclusive Education: 2014 Dataset Cross-Country Report [Tölfræði Evrópumiðstöðvar um menntun án aðgreiningar: Millilandaskýrsla úr gagnasafni frá 2014]*. (J. Ramberg, A. Lénárt og A. Watkins, ritst.). Óðinsvé, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/european-agency-statistics-inclusive-education-2014-dataset-cross-country (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018a. *European Agency Statistics on Inclusive Education: 2016 Dataset Cross-Country Report [Tölfræði Evrópumiðstöðvar um menntun án aðgreiningar: Millilandaskýrsla úr gagnasafni frá 2016]*. (J. Ramberg, A. Lénárt og A. Watkins, ritst.). Óðinsvé, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/european-agency-statistics-inclusive-education-2016-dataset-cross-country (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018b. *European Agency Statistics on Inclusive Education: Methodology Report – Updated 2018 [Tölfræði Evrópumiðstöðvar um menntun án aðgreiningar: Skýrsla um aðferðafræði – uppfærð 2018]*. (A. Lénárt, J. Ramberg og A. Watkins, ritst.). Óðinsvé, Danmörk

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, engin dagsetning-a. *Data web area [Vefsvæði gagna]*. www.european-agency.org/data (Síðast sótt í október 2018)



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, engin dagsetning-b. *List of data experts [Listi yfir gagnasérfræðinga]*. www.european-agency.org/data/list-data-experts (Síðast sótt í október 2018)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, engin dagsetning-c. *Data tables and background information [Gagnatöflur og bakgrunnsupplýsingar]*. www.european-agency.org/data/data-tables-background-information (Síðast sótt í október 2018)

Hagskýrslustofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, 2012. *Alþjóðlega menntunarflokkunin (ISCED) 2011*. Montreal: Hagskýrslustofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. uis.unesco.org/sites/default/files/documents/international-standard-classification-of-education-isced-2011-en.pdf (Síðast sótt í október 2018)

Sameinuðu þjóðirnar, 1989. *Convention on the Rights of the Child [Samningur um réttindi barnsins]*. www.ohchr.org/EN/ProfessionalInterest/Pages/CRC.aspx (Síðast sótt í október 2018)

Sameinuðu þjóðirnar, 2006. *Convention on the Rights of Persons with Disabilities [Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks]*. www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities.html (Síðast sótt í október 2018)

Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2016. *EU cooperation in education and training (ET 2020) [Evrópusamstarf á sviði menntunar og þjálfunar (ET 2020)]*. Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa. eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=LEGISSUM%3Aef0016 (Síðast sótt í október 2018)



VIÐAUKI: EASIE-VÍSBENDAR FYRIR 2014 OG 2016

1. Skráningarhlutfall í námi í almennum skólum byggt á fjölda skráðra nemenda

Vísbendir 1.1: skráningarhlutfall í nám í almennum skólum (%)

Vísbendir 1.2: skráningarhlutfall í nám án aðgreiningar (%)

2. Aldursþversnið

Vísbendir 2.1: aldersþversnið skráningarhlutfalls í nám í almennum skólum fyrir 9 ára gömul börn (%)

Vísbendir 2.2: aldersþversnið skráningarhlutfalls í nám í almennum skólum fyrir 15 ára gömul börn (%)

Vísbendir 2.3: aldersþversnið skráningarhlutfalls í nám án aðgreiningar fyrir 9 ára gömul börn (%)

Vísbendir 2.4: aldersþversnið skráningarhlutfalls í nám án aðgreiningar fyrir 15 ára gömul börn (%)

3. Nemendur með opinbera ákvörðun um sérþarfir

3a. Greiningarhlutfall

Vísbendir 3a.1: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum fjölda nemenda (%)

3b. Dreifing staðsetningar nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir, byggt á skráðum nemendafjölda

Vísbendir 3b.1: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í umhverfi án aðgreiningar, byggt á fjölda skráðra nemenda (%)

Vísbendir 3b.2: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérþekkjum, byggt á fjölda skráðra nemenda (%)

Vísbendir 3b.3: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérskólum, byggt á fjölda skráðra nemenda (%)

Vísbendir 3b.4: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í óformlegu skólaumhverfi, byggt á fjölda skráðra nemenda (%)

Vísbendir 3b.5: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í aðgreindu skólaumhverfi, byggt á fjölda skráðra nemenda (%)



3c. Dreifing staðsetningar, byggð á fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir

Vísbendir 3c.1: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í námi án aðgreiningar (%)

Vísbendir 3c.2: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérkennslu í almennum skólum (%)

Vísbendir 3c.3: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í sérskólum (%)

Vísbendir 3c.4: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í óformlegu skólaumhverfi (%)

Vísbendir 3c.5: prósentuhlutfall nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir í aðgreindu skólaumhverfi, byggt á fjölda nemenda með opinbera ákvörðun um sérþarfir (%)

Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33
DK-5000
Odense C
Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21
BE-1000
Brussels
Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org/data

